

**Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri,
þriðjudaginn 11. nóvember 2025 kl. 17:00.**

Fundargerð

Þorsteinn K. Björnsson, Eva Hrund Einarsdóttir, Kristjana V. Valgeirsdóttir, Kári F. Lárusson, Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir, Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.
Boðuð forföll: Gunnar Már Gunnarsson, Lárus H. Sigurðsson, Kristín Björk Gunnarsdóttir
Mætti ekki: Helga Margrét Freysdóttir.

1. Erindi frá framkvæmdastjóra Rauða krossins um fjárstuðning vegna neyðarástandsins á Gaza.

Á stjórnarfundum Rauða krossins í lok síðustu viku var lögð fram áskorun til deilda um að styðja þetta stóra verkefni.

Stjórn Eyjafjarðardeildar samþykkir að leggja fimm hundruð þúsund í fjárhagsstuðning vegna neyðarástandsins á Gaza.

2. Erindi til stjórnar RKÍ frá 25. október 2024 um tekjuskiptingar af fataverkefni.

Stjórn Rauða krossins við Eyjafjörð sendi erindi til stjórnar RKÍ 25. október 2024 þar sem óskað var eftir endurskoðun á ráðstöfun tekna deilda af fatasölu.

Þar sem ekki hefur komist niðurstaða í málið felur stjórn deildarstjóra að senda tillögu um ráðstöfun tekna af fatasölu Rauða krossins við Eyjafjörð. Í tillögunni er lagt til að fjármagnið fari í að auka stöðugildi sem yrðu staðsett á Akureyri og tilheyrðu þeirri skrifstofu hvað starfsmannahald snertir.

3. Níu mánaða uppgjör Eyjafjarðardeildar.

Deildarstjóri kynnir fyrir stjórnarmönnum 9 mánaða uppgjör.

4. Starfsmannamál.

Deildarstjóri óskar eftir fjármagni í að auka stöðugildi um 15% vegna verkefnaálags.

Stjórn samþykkir tillöguna.

5. Upplýsingar um fræðsluferðir starfsmanna erlendis.

Deildarstjóri kynnir fyrir stjórn ráðstefnu um sjálfbæðaliðaðþróun Rauða kross félaga í Evrópu sem áætlað er að starfsmaður deildarinnar sækir í Madrid í desember. Gert var ráð fyrir kostnaði í fjárhagsáætlun.

6. Fjárhagsáætlun 2026.

Vegna tafa á gögnum frá landsskrifstofu Rauða krossins vegna fjárhagsáætlunargerðar er ekki unnt að skila fjárhagsáætlun á réttum tíma.

Stjórn ákveður að bæta við auka stjórnarfundum mánudaginn 24. nóvember á TEAMS til þess að fara yfir drög fjárhagsáætlunar en áætlað er að leggja fjárhagsáætlun fyrir á stjórnarfundum 9. desember.

Stjórn felur deildarstjóra að sækja um frest á skilum fjárhagsáætlunar til 9.desember.

7. Önnur mál.

Fundarritari
Eva Hrund Einarsdóttir

Undirritunarsíða

Formaður
Þorsteinn Kristinn Björnsson

Meðstjórnandi
Kári Fannar Lárusson

Meðstjórnandi
Kristjana Valdey Valgeirsdóttir

Meðstjórnandi
Eva Hrund Einarsdóttir

Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir